

## Reglur um refa- og minkaveiði í Skaftárhreppi

### I. KAFLI

#### Almennt:

##### 1.gr.

#### Reglur:

Reglur þessar gilda um veiðar á refum og minkum innan sveitarfélagsmarka Skaftárhrepps. Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, einkum reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar með breytingarreglugerðum 207/1997 og 879/2014.

### II. KAFLI

#### Refaveiði:

##### 2.gr.

#### Veiðimenn

Skaftárhreppur gerir samning við veiðimenn um grenjaleit og vetrarveiði á ref. Einnig er sveitarfélagini heimilt að greiða tímakaup fyrir grenjaleit við sérstækar aðstæður.

##### 3.gr.

#### Búnaður:

Veiðimaður sem sveitarfélagið gerir samning við, kemur sér sjálfur upp búnaði til veiðanna. Búnaður við refaveiða skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir. Sé komið fyrir gildrum skal það gert þannig að öðrum dýrum stafi sem minnst hækta af.

##### 4.gr.

#### Grenjaveiði:

Sveitarfélagið ræður veiðimenn til grenjavinnslu á tímabilinu 1. maí til 31. júlí ár hvert. (grenjatíma skv. 5.gr. reglugerðar 437/1995 um refa- og minkaveiðar). Skaftárhreppur greiðir þeim þóknun fyrir veidd dýr. Sjá 19. grein. Einungis veiðimönum sem eru með samning við Skaftárhrepp, er heimilt að veiða á grenjatímabilinu.

Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum, skotið refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hækta af. Skal viðkomandi tilkynna fulltrúa sveitarfélags um slíka veiði svo fljótt sem auðið er. Greitt er fyrir slíka veiði skv. 21.gr.

##### 5.gr.

#### Leit:

Við grenjaleit er ætlast til að farið sé á grenstæði sem einhverjar líkur teljast á að tófa leggi í það árið. Ekki ætlast til að farið sé á grenstæði sem hafa ekki verið notuð svo áratugum skiptir nema vísbendingar séu um óvenjulegan tófugang. Þó skal veiðimönum það í sjálfsvald sett hvort þeir kíki á grenstæði á eigin vegum.

**6.gr.****Skrá:**

Veiðimenn skulu halda skrá, (nafn grenis og GPS skráningu), yfir þekkt grei og uppfæra hana ef ný grei finnast. Þegar veiðimaður lætur af störfum fyrir Skaftárhrepp skal hann afhenda sveitarféluginu skrána.

Þegar ráðinn er nýr veiðimaður afhendir sveitarfélagið honum grenjaskrá. Sveitarfélagið lætur veiðimann hafa kort í góðum mælikvarða sem hann getur fært staðsetningu grenja inn á.

**7. gr. Vetrarveiði:**

Sveitarfélagið ræður veiðimenn til vetrarveiða á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl ár hvert. Skaftárhreppur greiðir þeim þóknun fyrir veidd dýr skv. 21.gr. í 4 kafla.

**8. gr.****Útburður ætis:**

Vanda skal til verka við útburð ætis. Leitast skal við að hafa hæfilega vegalengd á milli staða sem boríð er út á.

**9. gr.****Staðsetning og frágangur ætis:**

Ætlast er til að staðsetning og frágangur ætis valdi útvistarfólk og öðrum sem um landið fara sem minnstum ama. Jafnframt skal staðsetningin vera í samráði við fulltrúa Skaftárhrepps, auk þess sem samþykki landeiganda og MAST þarf að liggja fyrir. Fjarlægja skal æti og leifar þess um leið og hætt er að stunda veiðina.

**10. gr.****Samráð við aðra veiðimenn:**

Veiðimaður skal hafa samráð við aðra veiðimenn og landeigendur þegar boríð er út æti.

Veiðar úr ökutækjum eru bannaðar skv. lögum

**III. KAFLI****Minkaveiðar:****11. gr.****Hefðbundið:**

Skaftárhreppur ræður veiðimenn með minkahunda til hefðbundinnar minkaleitar í sveitarféluginu. Skulu þeir að jafnaði veiða á tímabilinu 20. apríl til 30. júní og vera til reiðu ef vandamál koma upp

**12.gr.****Sérstök áhersla:**

Lögð er sérstök áhersla á að leitað sé á varplöndum og við veiðiár. Einnig leitað með sjó, svo sem kostur er. Veiðimenn skulu vera vel tækjum búinir til veiðanna.

**13.gr.****Gildruveiðar:**

Heimilt er að ráða veiðimenn til gildruveiða. Séu gildrur lagðar fyrir mink skal þannig um þær búið að öðrum dýrum stafi sem minnst hætta af. Ef fótboðar og dauðagildrur eru notaðar skal búa um þær þannig að minkurinn láti lífið á sem skjótastan hátt.

**14. gr.****Veiðar:**

Sveitarfélagini er heimilt að ráða veiðimenn til minkaveiða á tímagjaldi við sérstakar aðstæður. Greiða skal slíkum veiðimanni tímakaup á hverja unna klukkustund og kílómetragjald. Að öðru leiti fara greiðslur eftir 23.gr..

**15.gr.****Minkabæli:**

Ganga skal þannig um minkabæli að sem minnst landspjöll hljótist af. Minkur sem næst lifandi skal aflífaður á sem skjótvirkastan hátt.

**IV. KAFLI****Skil á skýrslum og greiðslur:****16. gr.****Veiðikort:**

Þeir einir fá greidd skotlaun sem hafa gilt veiðikort.

**17. gr.****Skil á gögnum:**

Skottum af unnum dýrum ber að skila til sveitarfélagsins ásamt fylgigönum. Til þessa ber að nota sérstakar bækur frá Umhverfisstofnun. Þar skal koma fram hvar og hvenær dýr var unnið og hvenær og eða hvaða greni var leitað. Greiðslur fara ekki fram fyrr en þessum gögnum og reikningum hefur verið skilað. Þar með talið að uppfæra grenjaskrá ef ný hafa fundist. Veiðimanni ber að skila til sveitarstjórnar sundurliðuðum reikningi vegna veiðanna.

**18.gr.****Hámarksupphæð:**

Sveitarstjórn ákveður við gerð fjárhagsáætlunar hámarksupphæð til refa- minkaveiða.

**19. gr.****Kvóti veidda refa:**

Hver veiðimaður sem hefur samning við sveitarfélagið getur ekki fengið greitt meira en andvirði sjötíu (70) dýra á hverju tímabili. Ef veiðimaður telur að kvóti dýra dugi ekki, ber honum að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins.

**20.gr.****Greiðslur fyrir grendýr:**

Greiðslur til veiðimanna með samning, fyrir refaveiðar án virðisaukaskatts eru eftirfarandi:

- Fyrir hvert unnið fullorðið grendýr á tímabilinu 1. maí til 31. júlí ár hvert, greiðist krónur **19.000**.
- Fyrir hvern unnin yrðling á tímabilinu 1. maí til 31. júlí ár hvert, greiðist krónur **19.000**.

Ekki er um aðrar greiðslur að ræða til veiðimanna skv. greinum 4 og 5 hér að framan. Skýrslum og skottum af dýrum sem unnin eru á þessum tíma skal skila eigi síðar en 30. ágúst ár hvert. Ekki verður greitt ef skýrslur berast eftir tilsettan tíma

**21.gr.****Greiðslur fyrir vetrarveiði og hlaupadýr:**

Greiðslur til veiðimanna með samning, fyrir refaveiðar án virðisaukaskatts eru eftirfarandi:

- Fyrir hvert unnið dýr á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl ár hvert, greiðist krónur **8.000**. Ekki er um aðrar greiðslur að ræða til veiðimanna skv. greinum 7 til 10 hér að framan. Veiðimenn skulu skila skottum og skýrslum fyrir lok þess mánaðar sem dýr eru veidd. Ekki verður greitt ef skýrslur berast eftir tilsettan tíma

**22.gr.****Greiðslur til annarra:**

Greiðslur til veiðimanna sem ekki eru með samning við sveitarfélagið skv. reglum þessum eru eftirfarandi:

- Fyrir hvert unnið dýr, greiðist krónur **3.000**.

**23.gr.****Greiðslur fyrir minkaveiði:**

Greiðslur til veiðimanna með samning, fyrir minkaveiðar án virðisaukaskatts eru eftirfarandi:

- Fyrir hvert unnið dýr, greiðist krónur **3.000**. Ekki er um aðrar greiðslur að ræða til veiðimanna skv. 3. kafla hér að framan. Skýrslum og skottum af dýrum sem unnin eru á þessum tíma skal skila eigi síðar en 30. ágúst ár hvert. Ekki verður greitt ef skýrslur berast eftir tilsettan tíma

**24.****Annað:**

Reglur þessar gilda frá og með 1. janúar 2024.

Eldri reglur falla úr gildi frá sama tíma.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps þann 30. nóvember 2023.




Einar Kristján Jónsson,  
sveitarstjóri